



Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur

***Svar frá skóla- og frístundasviði við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hvað margir grunnskólar í Reykjavík nýta sér stuðningskerfið Leið til læsis í lestrarkennslu - R20010129***

Á fundi borgarráðs 9. janúar 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Leið til læsis er stuðningskerfi sem er unnið af sérfræðingum á sviði læsis. Eins og sjá má á niðurstöðum úr nýrri PISA-könnun þá fer íslenskum börnum enn aftur hvað varðar lestur og lesskilning. Slök lestrarkunnátta og lesskilningur hefur áhrif á árangur í öðrum greinum og því er grundvallaratriði að bæta lesskilning meðal íslenskra barna. Óskað er eftir upplýsingum frá skóla- og frístundasviði um hvað margir skólar í Reykjavík nýta sér Leið til læsis, úrræðin í handbókinni og skimunarprófin sem námsefninu fylgja, sér í lagi þegar grípa þarf til snemmtækrar ihlutunar vegna sýnilegs vanda barns með lestur og lesskilning? Leið til læsis, handbókin og skimunarprófin er gagnreynt námsefni. Rannsóknir sýna að með réttum aðferðum er hægt að draga úr eða jafnvel koma í veg fyrir námsörðugleika. Námsefnið er úrræði fyrir nemendur sem eru í áhættu í málskilningi, orðaforða, hljóðkerfisvitund, hljóðvitund og stafabekkingu. Leið til læsis er í eigu Menntamálastofnunar sem setti prófið inn sem hluta af Lesferli sem er samheiti yfir próf sem stofnunin hefur gefið út. Með þetta gagnreynda verkfæri er hægt að bæta lestur og lesskilning íslenskra barna fá kennarar stuðning og svigrúm til að nýta það í kennslustofunni í samvinnu við fullnægjandi sérfræðiþjónustu og teymisvinnu.*

**Svar:**

Leið til læsis (LTL) sem réttu nafni er í dag kallað **Lesferill, lesskimun að hausti í 1. bekk er notað í 36 grunnskólum borgarinnar**. Öllum borgarreknu skólunum nema Árbæjarskóla (Árbæjarskóli notar öll önnur próf Lesferils) auk Ísaksskóla, Barnaskóla Hjallastefnunnar, Landakotsskóla og Suðurhlíðarskóla. Miðja máls og læsis leggur til að allir skólar noti Lesskimunina eða aðra staðlaða leið til að fylgjast með stöðu nemenda í lestir.

Hvort allir kennarar sem leggja skimunarprófið fyrir noti Handbók LTL er ekki vitað og þyrfti að leggja fyrir kennarana könnun eða fylgjast með þeim í kennslu til að komast að því. Það væri nokkra mánaða vinna fyrir ráðgjafa að fylgdist með kennslu í öllum 1. bekkjum í grunnskólum Reykjavíkur til að leggi mat á hvaða aðferðir hver kennari notar og bera niðurstöður saman við þær kennsluaðferðir/leiðir sem handbókin mælir með.

Þær kennsluaðferðir og leiðir sem talað er um í handbók LTL eru byggðar á þáttum sem þjálfar þarf til að skila árangri lestri, á eflingu málskilnings, orðaforða, hljóðkerfisvitundar,

hljóðvitundar og stafapekkingar auk lesskilnings. Þá þætti horfa allir skólar borgarinnar til í skipulagningu lestrarkennslu og þjálfunar. Þeir skólar sem nota Byrjendalæsi byggja lestrarkennslu sína á sömu þáttum. Miðja máls og læsis (MML) byggir einnig alla sína ráðgjöf varðandi læsi á yngsta stigi grunnskólans, lestrarkennslu og þjálfun lesturs á þeim þáttum sem handbókar LTL mælir með að séu þjálfaðir. MML leggur áherslu í ráðgjöf sinni til skóla að þeir noti gagneindar kennsluaðferðir og hugmyndafræði RTI, response to intervention.

Nokkuð er til af handbókum og kennsluleiðbeiningum varðandi læsi og lestrarkennslu í grunnskólum sem byggja á þeim þáttum sem mikilvægt er að vinna með svo árangur náist í lestri. Sem dæmi má nefna auk handbókar LTL margskonar efni frá Menntamálastofnun og nýútkomna bók Rósu Eggertsdóttur „Hið ljúfa læsi“ en þar má finna fjölda kennsluaðferða og leiða sem efla þessa sömu þætti læsis auk verkefna sem kennarar geta nýtt sér.

Í skýrslu OECD segir „Samkvæmt niðurstöðum PISA 2018 hafa íslenskir nemendur bætt sig marktækt í læsi á stærðfræði frá árinu 2015 og er Ísland nú rétt yfir meðaltali OECD í þeirri grein. Læsi nemenda á Íslandi á náttúruvísindi er nánast óbreytt frá því 2012. Nemendur standa sig hins vegar marktækt verr í lesskilningi í samanburði við árið 2009 þegar lesskilningur var síðast aðalsvið PISA en ekki er marktæk breyting nú miðað við niðurstöður 2012 og 2015. Ísland er undir meðaltali OECD í lesskilningi og læsi á náttúruvísindi. Niðurstöður úr PISA 2018 sýna að íslenskir nemendur standa sig enn undir væntingum í lesskilningi og læsi á náttúruvísindi en bæta sig hins vegar í læsi á stærðfræði“. Það má geta þess að í niðurstöðum PISA 2018 má sjá að staða nemenda í Reykjavík hefur batnað frá síðustu skimun [https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa\\_2018\\_helstu\\_island.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2018_helstu_island.pdf) bls. 34 og er hún rétt yfir meðaltali OECD 2018. Er það eina sveitarfélagið á Íslandi sem færir sig milli mælinga.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs